

Fundargerð 15. fundar ferðamálaráðs – þriðjudagur, 14. maí 2013 kl. 12-13:50.

Fundurinn var haldinn í Hannesarholti, Grundarstíg 10, Reykjavík

Mættir:

Svanhildur Konráðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Ásbjörn Jónsson, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Sævar Skaptason og Unnur Halldórsdóttir. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Staða ferðamálaráðs.

Formaður hóf fundinn á því að fara yfir þá óvissu sem ríkt hefur um framtíð ferðamálaráðs vegna frumvarps um breytingu á lögum um skipan ferðamála sem tvö síðustu þing hafa haft til umfjöllunar.

Að loknum umræðum var samþykkt að árétta við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra mikilvægi þess að ferðamálaráð með hugsanlega breyttri samsetningu hefði þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Til ráðherra ferðamála:

Um leið og ráðherra er boðinn velkominn til starfa telur ferðamálaráð brýnt að gera eftirfarandi grein fyrir þeim helstu viðfangsefnum á vettvangi íslenskrar ferðaþjónustu sem ráðið telur að muni krefjast athygli og aðgerða nýs ráðherra.

Íslensk ferðaþjónusta stendur nú á afar mikilvægum tímamótum. Erlendum ferðamönnum fjölgaði um tæp 20% á milli árána 2011 og 2012. Árstíðarsveiflan, sem verið hefur ein helsta áskorunin við uppbyggingu atvinnugreinarinnar um allt land og komið í veg fyrir heilbrigða arðsemi fyrirtækjanna, er nú jafnari en áður hefur sést. Gjaldeyrstekjur af greininni vaxa hratt, störfum fjölgar og þau verða fjölbreyttari - fyrirtækjum í ferðaþjónustu, verslun og þjónustu vex fiskur um hrygg. Önnur jákvæð þróun síðustu ára er sífellt meiri áhersla er nú lögð á faglega þjónustu og metnað í umhverfismálum á þessum vettvangi. Sem dæmi um þetta má nefna innleiðingu Vakans - gæða og umhverfiskerfis ferðaþjónustunnar, en mikið er þó enn óunnið að þessu leyti. Ferðamálaráð bendir jafnframt á mikilvægi rannsókna, sbr. skýrar áherslur í Ferðamálaáætlun, svo hægt sé að meta raunverulega stöðu, framtíðarhorfur og gera ábyrgar áætlanir fyrir þessa þýðingarmiklu atvinnugreina.

Auðlindirnar sem íslensk ferðaþjónusta byggir á eru íslensk menningu og náttúra. Samhliða vexti og jákvæðri þróun síðustu ára eru nú hins vegar komin afgerandi teikn á lofti um að auðlindirnar – þá einkum viðkvæm náttúra landsins - þoli á köflum ekki áframhaldandi vöxt og óheftan aðgang ferðamanna. Aldrei hefur því verið mikilvægara að mótuð sé heildstæð stefna um verndun, nýtingu, fjármögnun og gjalddöku sem tekur mið af þessu. Sumir af vinsælustu og fjölsóttustu ferðamannastöðunum þola hins vegar ekki frekari bið og kalla á tafarlausar aðgerðir ef ekki á að hljóttast óbætanlegur skaði af.

Ljóst er að gistináttagjald, sem sett var á 2012 hefur ekki skilað tilætluðum tekjum og þótt Framkvæmdasjóður ferðaþjónustunnar, sem hefur um 1,5 ma. til úthlutunar á þremur árum sé kærkominn, duga þessar aðgerðir engan veginn til. Margvíslegar hugmyndir liggja þegar fyrir um mismunandi leiðir til fjármögnunar og gjalddöku, sem ættu að einhverju marki að leiða til aðgangsstýringar og dreifingar álags. Nú svo komið að einstakir landeigendur og fyrirtæki eru þegar farin að taka gjald fyrir aðgengi að einstökum svæðum, en heildarhugsun fyrir Ísland sem áfangastað skortir tilfinnanlega.

Ferðamálaráð telur því ljóst að verndun og uppbygging ferðamannastaða sé brýnasta sameiginlega verkefni stjórnvalda og greinarinnar. Fjármögnun t.d. í anda þeirra tillagna sem nú eru til umfjöllunar á *Samráðsvettvangi um aukna hagsæld* er að því er virðist t.a.m. vera áhugaverð leið og ná að sameina ólík sjónarmið eftir margra ára umræðuferli á milli annars vegar stjórnvalda ferða-, umhverfis- og sveitarstjórnarmála og hins vegar ferðaþjónustunnar.

Í ljósi þeirra brýnu verkefna sem framundan eru vill ferðamálaráð benda á þýðingu og gagnsemi þess fyrir ráðherra ferðamála að hafa aðgang að þeim vettvangi sem ferðamálaráð er. Því er lagt til að komi til breytinga á lögum um skipan ferðamála verði frekar skerpt á mikilvægi ferðamálaráðs og fulltrúar umhverfismála eigi þar fulltrúa.

Ferðamálaráð óskar nýjum ráðherra velfarnaðar og fagnar því að fá að leggja ráðherra lið við leitina að bestu lausnum fyrir íslenska ferðaþjónustu og þjóðarhag.

3. Gjaldtaka á ferðamannastöðum.

Í febrúar 2013 tók til starfa á vegum forsætisráðuneytisins þverpólitískur og þverfaglegur samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi, Growth Forum. Vettvangurinn var skipaður formönnum allra stjórnsmálaflókka sem eiga sæti á Alþingi, helstu hagsmunasamtaka launþega og atvinnurekenda, fulltrúum háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og stjórnendum fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum.

Samráðsvettvanginn má rekja til óformlegra viðræðna m.a. á grundvelli skýrslu sem ráðgjafarfyrtækið McKinsey & Co gaf út síðastliðið haust um möguleika Íslands til eflingar langtímahagvaxtar undir nafninu Charting a Growth Path for Iceland. Skýrslan hefur stuðlað að uppbyggilegri umræðu og hafa margir hagsmunaaðilar tekið undir mikilvægi þess að móta heildstæða hagvaxtarstefnu fyrir Ísland til að tryggja áframhaldandi mikil lífsgæði í landinu.

Lagðar hafa verið fram hagvaxtartilögur (maí 2013) sem fram komu í sjálfstæðri verkefnisstjórn vettvangsins og verða þær ræddar á Samráðsvettvanginum áður en ákveðið verður hvaða tillögur verða endanlega lagðar fram í hans nafni haustið 2013.

Daði Már Kristófersson var gestur fundarins en hann var formaður vinnuhóps um auðlindageirann hjá Samstarfsvettvangi um aukna hagsæld. Í tillögunum kemur fram að auðlindageirinn sé undirstaða verðmætasköpunar í hagkerfinu vegna hás framlags til útflutnings og jafnframt er fjallað um leiðir til gjaldtöku á ferðamannastöðum í samræmi við sjálfbærniþæmið sem ríkið setji. DMK benti á kvótakerfið, aflareglur og rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem dæmi um slík viðmið.

DMK lýsti tillögunni sem snýr að kerfi sem tekur tillit til ólíkra eiginleika ferðamannastaða; vinsælla staða, annarra staða og framtíðarstaða og tveimur leiðum til að afla fjár til verndunar og uppbyggingar: gjaldtöku á staðnum og ferðakorti (náttúrupassa). Þá kynnti hann einnig hugmyndir verkefnisstjórnar um verðlag, sölu og eftirlit, tekjuskippingu á milli staða og umsýslu.

Miklar umræður spunnust um framsögu DMK og fulltrúar í ferðamálaráði spurðu hann fjölda spurninga. Að því loknu þakkaði formaður DMK fyrir komuna og greinargóðar upplýsingar.

Ferðamálaráð var sammála því að verndun og uppbygging ferðamannastaða væri brýnasta verkefni stjórnvalda og greinarinnar. Fjármögnun t.d. í anda þeirra tillagna sem nú eru til umfjöllunar á *Samráðsvettvangi um aukna hagsæld* er að því er virðist óumdeild eftir margra ára umræðuferli á milli annars vegar stjórnvalda ferða-, umhverfis- og sveitarstjórnarmála og hins vegar ferðaþjónustunnar.

Formanni var falið að koma skýrum skilaboðum ferðamálaráðs til ráðherra.

Fleira var ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:50.

HH